



Halldór Kristjánsson, verkfræðingur, Tölvu- og verkfræðipjónustunni ehf

RAMMASAMNINGUR UM FJARSKIPTI

FRÆÐSLURÖÐ RÍKISKAUPA



Dagskrá

- Nýr rammasamningur: Fjarskiptaþjónusta II
- Niðurstöður útboðs
- Nokkur góð ráð við kaup á fjarskiptaþjónustu
- Samantekt
- Fyrirspurnir



Rammasamningur um fjarskipti 2009

FJARSKIPTAÞJÓNUSTA

Markmið rammisamnings

- Meginmarkmið:
 - Að **lækka fjarskiptakostnað** þeirra fyrirtækja og stofnana sem eru aðilar að rammisamningi og tryggja **sem mest gæði og úrval** fjarskiptaþjónustu
- Aukamarkmið
 - Að **auka gagnsæi** viðskiptanna.
 - Að tryggja **bestu kjör** á hverjum tíma.
 - Að tryggja að samningurinn **úreldist ekki**.
 - Að **bæta reikningagerð** og upplýsingagjöf
 - Að **mæla ekki samtöl** á milli ríkisstofnana
 - Að **sekúndumæla** önnur símtöl

Almenn atriði um samninginn

- Um er að ræða samning um fjóra flokka fjarskiptaþjónustu
 - Flokk 1: Talsímaþjónusta
 - Flokk 2: Farsímaþjónusta (3G og GSM)
 - Flokk 3: Internetþjónusta
 - Flokk 4: Gagnatengingar **Nýr flokkur**
- Ekki var gerð krafa um tilboð allra í alla fjóra flokka
 - Síminn og Vodafone buðu í alla flokka (1-4)
 - Nova bauð í flokka 2 (farsímaþjónustu) og 3 (Internetþjónustu)
 - Skyggvir bauð í flokk 3, Internetþjónustu
- **Framtíðartrygging:** Falli ný þjónusta sem seljandi býður innan flokks sem samningur nær til á afsláttur að vera sá sami og boðinn er fyrir flokkinn

Verð og verðbreytingar

- Allir buðu **fastan afslátt** frá gildandi almennum verðlista bjóðanda
 - Í sumum tilvikum er þó um "**sérverðlista**" að ræða í símagjöldum
- Verðlistar eiga að vera aðgengilegir kaupendum
- Kaupendur geta efnt til **örútbóða** innan samnings og þá má bjóða lægra verð en er í boði í rammamningi
- Ef efnt er til sértílbóða, útsölu eða samsvarandi lækkana á samningstíma skal aðili að rammamningi ávallt **njóta hagstæðasta verðs sem í boði er**

Fyrri rammisamningur

- Reynslan af fyrri rammisamningum um fjarskipti hefur verið mjög góð en...
- ...gjaldskrár símafyrirtækja hafa ekki verið nægilega gagnsæjar almennum notendum -> **samanburður erfiður**
 - Þjónustuframboð mismunandi
 - Alls konar "pakkar" í boði
- Stikkprufur hafa leitt í ljós að **afsláttur hefur ekki alltaf verið veittur**, stundum hefur verið um verulegar upphæðir að ræða
- Til skamms tíma hefur verið erfitt að fá útreikning á **"fyrir-eftir"** kostnaði eftir breytingar á þjónustu eða afslætti

Nýjar áherslur 2009

- Nýjar kröfur
 - Betra gagnsæi reikninga og að afsláttur verði skýrt framsettur (% og kr.)
 - Verðlisti aðgengilegur fyrir Ríkiskaup og þá sem eru í samningi
 - Ítarlegri upplýsingagjöf og meira samráð
 - Kvöð á seljanda að skoða reglulega símamál hvers aðila með tilliti til sparnaðar og hagkvæmni
 - Reglulegar “stikkprufur” Ríkiskaupa
 - Enginn fyrningarfrestur á kröfum vegna afsláttar



Nýjar áherslur 2009

- Símtöl **mæld í sekúndum** innan nets bjóðanda
- Símtöl á milli rammamanningsaðila **hjá sama þjónustuaðila** ekki mæld
- Fjöldi uppkalla komi fram á reikningi

Nýjar áherslur 2009

- Framsetning reikninga bætt og þeir sýni a.m.k.:
 - Stofngjald fyrir hverja þjónustu þegar það á við
 - Mánaðargjald fyrir hverja þjónustu ef það á við
 - Gjöld sem eru háð notkun:
 - **Upphafsgjald** og heildarfjöldi notaðra eininga
 - **Tímagjald** og heildarfjöldi notaðra eininga
 - Önnur gjöld sem eru innheimt s.s. kostnaður vegna innheimtu
 - **Afsláttur af hverjum lið** ef hann er mismunandi eftir liðum
 - Heimilt að sýna einn afslátt ef það er veltuafsláttur
 - Heimilt að flokka liði eftir afsláttarprósentum á reikningi og sýna einn afslátt af flokknum
- Hægt að **fá sundurliðun reiknings á tölvutæku** formi.
- Rafrænn aðgangur að sundurliðun notkunar æskilegur

Nýjar áherslur 2009

■ Gagnatengingar

- Til að tengja saman tvær eða fleiri starfsstöðvar til flutnings ganga og tals
 - Flutningur getur farið fram um jarðlínur eða þráðlaus sambönd önnur en þau sem falla undir talsímaþjónustu og farsímaþjónustu
- Tengingar styðji:
 - IP samskiptahátt
 - Flutning tölvugaga og tals (VoIP)
 - Flutning rauntímaumferðar og gagna samtímis
- Samhverfar og ósamhverfar tengingar



NIÐURSTÖÐUR ÚTBODS

Val á samningsaðilum

- Verð/afsláttur gildi 60% í matslíkani
- Gæði tilboða gildi 40% í matslíkani
 - Framboð á þjónustu (vöruúrval) 15%
 - Útbreiðsla fjarskiptaþjónustu 10%
 - Notkunareiginleikar 15%
- Á forsendum mats var samið við:

Aðili	Talsími	Farsími	Internet	Gagnaflutningar
Nova		✓	✓	
Síminn	✓	✓	✓	✓
Skyggirnir			✓	
Vodafone	✓	✓	✓	✓

Talsíma- og farsímaþjónusta

- Í boði er að minnsta kosti ein gerð áskriftar í fastlínu og/eða GSM/3G farsímaþjónustu
- PRI tengingar fyrir stærri aðila
 - Allt að 30 sambönd á tengingu
- SIP tengingar boðnar fyrir þá sem eru með IP kerfi
- Mikil áhersla er lögð á að flutningur áskriftar fari hratt og vel fram



Internetþjónusta

- Innhringiaðgangur
 - GSM, ISDN eða almenn símalína
- Föst tenging
 - Til dæmis punkt í punkt, xDSL, MDSL eða radiósamband
 - Er grunntenging (til dæmis símalína) seld sér eða hluti af áskrift
 - Alltaf DHCP eða föst IP tala sem þjónusta



Internetþjónusta

- Margs konar önnur Internetþjónusta er í boði:
 - VPN, vefhýsing, ftp þjónusta, pósthýsing, pósthjónusta, miðlararekstur, lénaskráning og DNS þjónusta, öryggisþjónusta, vöktunarþjónusta




Gagnaflutningsþjónusta

- Mjög opinn flokkur
 - Tengingar sem gera kleift að tengja saman tvær eða fleiri starfsstöðvar
 - Jarðlína, örbylgjusambönd, ljósleiðari eða með öðrum hætti
 - Stuðningur við IP samskipti, gögn og VoIP samtímis með öruggum hætti
- Yfirlit um notkun



Helstu afsláttarkjör

- Á næstu glæru eru taldir upp helstu afslættir sem fram koma í tilboðum bjóðenda
 - Hafa ber í huga að þessi upptalning er alls ekki tæmandi en gefur nokkuð góða mynd af meginatriðum
- 



Afsláttarkjör - Nova

- Helstu atriði (allar krónutölur án afsláttar):
 - Engin stofngjöld greidd vegna innleiðingar
 - 250 MB gagnaflytningur fylgir farsímaáskrift
 - Engin mánaðargjöld af farsímaáskrift
 - Upphafsgjald er kr. 4,50 og kr. 14,90 mínútagjald í alla farsíma og fastlínusíma en ekkert kostar að hringja í aðra síma hjá Nova. SMS kostar kr. 10,00
 - Veittur er 20% veltuafsláttur

Afsláttarkjör - Vodafone


- Helstu atriði (allar krónutölur án afsláttar):
 - Engin stofngjöld greidd
 - Engin mánaðargjöld vegna farsíma
 - Upphafsgjald er kr. 5,40 og mínútverð í alla far- og talsíma er kr. 15,50. SMS kostar kr. 11,20.
 - Ókeypis á milli aðila að rammamningi innan kennitölu.
 - Veittur er 15% veltuafsláttur af öllum notkunar- og mánaðargjöldum. Að auki er 5% veltuafsláttur af Metrónetsgjaldskrá og nokkrum öðrum þáttum

Afsláttarkjör - Síminn

- Helstu atriði (allar krónutölur án afsláttar):
 - Stofngjöld eru með afslætti
 - 70% afsláttur af mánaðargjaldi GSM síma
 - Upphafsgjald í GSM er kr. 4,90
 - Mínútgjald kr. 0,00 (fastlína Síminn)
 - Mínútugjald kr. 11,90 (í GSM Síminn)
 - Mínútugjald kr. 16,00 (fastlína hjá öðrum)
 - Mínútugjald kr. 21,50 (aðrir GSM)
 - Mínútugjald kr. 28,00 (Nova)
 - Upphafsgjald í talsíma er kr. 5,95
 - Mínútgjald og upphafsgjald er kr. 0,00 innan kennitölu
 - Mínútugjald kr. 11,90 (í GSM Síminn)
 - Mínútugjald kr. 16,00 (fastlína hjá öðrum)
 - Mínútugjald kr. 21,50 (aðrir GSM)
 - Mínútugjald kr. 28,00 (Nova)
 - Algengur afsláttur af öllum þjónustuflokkum er 20% af mánaðargjöldum og notkun. GSM mánaðargjald er með 20% afslætti



Afsláttarkjör - Skyggnir

- Helstu atriði (allar krónutölur án afsláttar):
 - Veittur er 11 % afsláttur af öllum Internettengingum og umfram niðurbætur
 - Veittur er 15 % afsláttur af vefvistun, sýndarnetsþjónustu og hýsingu miðlara
 - Veittur er 30 % afsláttur af pósthjónustu á Exchange og Lotus Notes þjónum
- 



NOKKUR GÓÐ RÁÐ



Greindu notkunina

- Fáðu/gerðu **nákvæma greiningu** á símanotkun þinni yfir ákveðið tímabil
 - Leitaðu að **dýrustu liðunum** og reyndu að fá hagstæðara verð eða **draga úr notkun** þeirra
 - Leitaðu að þjónustu/búnaði sem **ekki er notuð** lengur
- Notaðu **örútboð** og fáðu tilboð frá 2-3 aðilum
 - Biddu símafyrirtækin um **útreiknaðan samanburð** fyrir ákveðið tímabili, fyrir og eftir afslátt eða aðra breytingu á símaþjónustu sem er í boði.
 - Notaðu upplýsingar úr eigin reikningum.
 - Fáðu ítarlegar **útskýringar á pakkatilboðum**. Þau eru ekki endilega hagstæð miðað við þína notkun.

Nokkur sparnaðarráð

- Skoðaðu eftirfarandi – kannski má spara með því?
 - Notaðu GSM/3G minna, t.d. ekki sækja póstinn í GSM/3G
 - Hringdu alltaf í fastlínusíma úr fastlínusíma þegar það er hægt (og úr GSM í GSM)
 - Hringdu sjaldnar, sendu frekar póst eða ókeypis SMS
 - Notaðu MSN, Skype, GTalk eða IP til samskipta
 - Talaðu minna ☺
 - Sendu SMS frá vefnum – það er ókeypis
- Færðu meira af samskiptum yfir á Internetið
 - Notaðu tölvupóstinn meira
 - Notaðu MSN, Skype
 - Skoðaðu möguleika á að nota önnur IP samskipti

Hvað gæti verið í örútbóði?

- Samantekt á gjaldaliðum
 - Grunnáskrift á hverri þjónustu
 - Alls konar önnur þjónusta: Leyninúmer, frátekin númer, hópáskrift og fleira
 - Seðilgjöld
 - Símtöl flokkuð (fjöldi og lengd) t.d. á hvert númer
 - Símtöl fastlína í fastlínu (helst innan nets/milli neta)
 - Símtöl fastlína í farsíma (helst innan nets/milli neta)
 - Símtöl farsími í fastlínu (helst innan nets/milli neta)
 - Símtöl farsími í farsíma (helst innan nets/milli neta)
 - Símtöl í aðrar þjónustur: innan hópáskriftar, upplýsingaveitur o.fl.
- Settu þetta í Excel töflu
 - Settu upp alla liði og reiknaðu út meðaltöl og heildarverð
 - Fáðu tilboð út frá þessum forsendum (fyrir og eftir útreikningur)

A vertical bar on the left side of the page, divided into four colored segments: a small pink segment at the top, a grey segment, a yellow segment, and a long pink segment at the bottom.

SAMANTEKT



Niðurstaða

- Skoðaðu símakostnaðinn reglulega og fáðu aðstoð Ríkiskaupa við að fá samkeppnistilboð
- Leitaðu að leyndum kostnaði við þær lausnir sem þú ert með eða þér eru boðnar
- Ekki binda þig í samningi, þú þarft þess ekki, afslátturinn kemur samt
- Það er í flestum tilvikum frekar auðvelt að skipta um símafyrtæki
- Leitaðu aðstoðar hjá Ríkiskaupum